

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíngs

Niðurstöður í Hljóm-2, athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna í Árneshvíngi 2013-2017

Niðurstöðum var safnað frá leikskólum í samræmi við markmið skóla- og skólaþjónustu - Lestur.

Notaðar voru niðurstöður sem fást í fyrstu athugun að hausti á lokaári barns í leikskóla. Megintilgangur með fyrirlögn er að finna börn í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika.

LESTUR

Árið 2017 hefur eftirfarandi markmiði verið náð: Formlegt lestrarnám hefst í leikskóla og byggt er ofan á það í grunnskóla. Meginþorri barna þekkir bókstafina og hljóð þeirra við lok leikskóla.

Á tímabilinu hafi meðaltal skólanna í lesskilningi á samræmdum prófum í 4. og 7. bekk hækkað um að minnsta kosti 5% og meðaltal á HLJÓM-2 hækkað um að minnsta kosti 5%.

Niðurstöðurnar hér fyrir neðan sýna að markmiði skóla og skólaþjónustu um lestur, að meðaltal á Hljóm-2 hafa hækkað um að minnsta kosti 5% árið 2017 - var ekki náð.

Á tímabilinu hafa skólarnir unnið að lestrarstefnu í sínu sveitarfélagi. Eitt sveitarfélag hefur lokið vinnu við sína stefnu og kynnt hana vel. Önnur sveitarfélög eru flest langt á veg komin með sína stefnu.


Þegar þessi orð eru rituð í apríl 2018 eru nokkrir leikskólanna byrjaðir að skoða stafaþekkingu barna á elsta ári leikskóla.

30. apríl 2018

Hrafnhildur Karlsdóttir Teymisstjóri og kennsluráðgjafi

Niðurstöður í Hljóm-2 athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna í Árneshvísi
2013-2017

Heildarniðurstöður leikskóla í Árneshvísi
Haust 2013




Ath. Niðurstöður bárust frá sex leikskólum af átta.


Skýring: Kerhólsskóli – enginn leikskólakennari var við störf og því enginn til að leggja prófið fyrir.

Bergheimar - Hljóm-2 ekki notað í leikskólanum á þessum tíma.

Heildarniðurstöður leikskóla í Árneshvísi
Haust 2014




Heildarniðurstöður leikskóla í Árnæspingi Hljóm-2 2015




■ Mjög slök færni ■ Slök færni ■ Meðal færni ■ Góð færni

Heildarniðurstöður leikskóla í Árnæspingi Hljóm-2 2016



■ Mjög slök færni ■ Slök færni ■ Meðal færni ■ Góð færni

Heildarniðurstöður leikskóla í Árnesþingi Hljóm-2 2017



■ Mjög slök færni ■ Slök færni ■ Meðal færni ■ Góð færni

Um Hljóm-2

HLJÓM er tæki til að athuga hljóðkerfisvitund hjá börnum áður en þau hefja grunnskólagöngu.

HLJÓM-2 er grundvallað á niðurstöðum úr langtímarannsókn á tengslum hljóð- og málvitundar við lestrarfærni en höfundar unnu að þessari rannsókn frá 1996-2002. Við hönnun HLJÓM-2 var byggt á erlendum rannsóknum um tengsl hljóðkerfisvitundar og lesturs.

Í HLJÓM-2 eru eftirtaldir sjö þættir:

- 1) Rím
- 2) Samstöfur
- 3) Samsett orð
- 4) Hljóðgreining
- 5) Margræð orð
- 6) Orðhlutaeyðing
- 7) Hljóðtenging

Rannsóknir á Hljóm-2

Langtímarannsókn á forspárgildi athuganaámálþroska Frá leikskólaaldri til fullorðinsára - 2011

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvort málþroskamælingar við fimm ára aldur spá fyrir um námsgengi í samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla. Árin 1997 og 1998 var athugaður málþroski 267 leikskólabarna með prófunum HLJÓM-2 og TOLD-2P. Þessi börn eru nú orðin fullorðin (18 og 19 ára) og hafa lokið grunnskóla. Skoðuð voru tengsl á milli málþroskamælinga við fimm ára aldur og námsgengis í grunnskóla hjá þessum hópi.

Niðurstöður sýndu að tengsl eru þarna á milli og haldast allan grunnskólann. Sterkust eru tengslin við stærðfræði í 4. bekk og við íslensku í 4., 7. og 10. bekk.

Málþroskamælingar í leikskóla geta spáð fyrir um námsgengi í grunnskóla og eru þær niðurstöður í samræmi við erlendar rannsóknir.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að einn af þeim þáttum sem virðast stuðla að farsælu námi í grunnskóla er málþekking barna á leikskólaaldri.

Langtímarannsókn á forspárgildi málþroskaathugana við 5–6 ára aldur um síðari líðan og reynslu – 2013

Niðurstöður:

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvort málþroskamælingar við fimm ára aldur spái fyrir um ýmsa félagslega og sálræna þætti síðar á lífsleiðinni.

Niðurstöður sýndu marktæk tengsl milli árangurs á HLJÓM-2 og margra þessara þátta. Þau sem höfðu sýnt slakan árangur á HLJÓM-2 fannst námið í grunnskóla bæði erfiðara og leiðinlegra, þeim hafði frekar verið strítt eða þau lögð í einelti og höfðu frekar verið í sérkennslu en þau sem hafði gengið betur á HLJÓM-2.

Þessi sami hópur var einnig líklegri til að vera með greiningar um örðugleika, til dæmis var rúmlega fjórðungur þeirra sem sýndu slakan árangur á HLJÓM-2 með greiningu um athyglisbrest og fjórðungur með námsörðugleika.

Af þeim sem gekk vel á HLJÓM-2 voru aftur á móti 12% með greiningu um athyglisbrest og 2% með námsörðugleika.

Ljóst er að slakur árangur á HLJÓM-2 spáir ekki aðeins fyrir um slakan árangur í námi heldur hefur hann einnig forspárgildi um slæma reynslu úr grunnskóla.

Mikilvægt er að betri samvinna og samskipti um viðbrögð við niðurstöðum á HLJÓM-2 náist milli leikskóla og grunnskóla. Þannig mætti koma betur til móts við þarfir nemenda í áhættu og draga úr eða koma í veg fyrir neikvæða reynslu þeirra í grunnskóla

Jóhanna Einarsdóttir er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Ingibjörg Símonardóttir er sjálfstætt starfandi sérkennslu- og talmeinafræðingur og Amalía Björnsdóttir er dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

HK 2018